



Rafræn byggingarleyfi – iðnmeistarar

Í gegnum íbúagátt Grindavíkur geta iðnmeistarar staðfest ráðningu sína á verk, en aðeins eftir að byggingarstjóri hefur skráð þá á verkið.

Einnig geta iðnmeistarar sagt sig af verkum og skilað inn flestum þeim staðfestingum og gögnum sem þarf fyrir úttektir.

Til þess að geta verið skráður á verk þarf meistari að hafa til þess löggildingu og vera skráður í gagnagrunn HMS sjá hér:

<https://hms.is/mannvirki/faga%C3%B0ilar-i-mannvirkjagerd/starfsleyfi-og-loggildingar/listi-yfir-idnmeistara>

Ef einhverjir hnökrar eru á skráningu þarf að byrja á að heyra í HMS til að vita hvað veldur.

Vakin er sérstök athygli á að iðnmeistarar bera ríka ábyrgð þegar kemur að verkþáttum þeirra, til upplýsinga sjá leiðbeiningar skjal frá HMS:

<https://byggingarreglugerd.kreatives.is/wp-content/uploads/2022/04/4101-abyrgd-og-verksvid-idnmeistara-14.pdf>

Ef einhverjar spurningar vakna þá má hafa samband við bæjaskrifstofu eða senda tölvupóst á bygg@grindavik.is